

**59** Hjer við bætist, að efri deild í ýmsum greinum breytti hinu privata 26. maí frumvarpi þannig, að staðfesting þess hefði orðið ómöguleg, þótt það einnig hefði orðið samþykkt af neðri deild. Sjerstaklega skal áherzla lögð á það, að orðan frumvarpsins á 61. gr. stjórnarskrárinnar var felld, jafnframt því að deildin að visu fjellst á það, að samþykkt stjórnarskipunarbreytingar eigi þyrfti nauðsynlega að hafa það í för með sjer, að alþingi yrði kallað fyr saman en annars, en á hinn bóginn hjelt deildin því föstu, að alþingi skyldi leysa upp, þótt stjórnin vildi ekki styðja málið; en þessi skipan mundi eigi koma í veg fyrir þann undirróður og æsingar, er tilgangurinn er að komast hjá, með því að kveda svo á um, í samræmi við ákvæði hinna dönsku grundvallarlaga, að að eins þá skuli alþingi leyst upp, er stjórnin vill styðja málið. Auk þess var 2. grein frumvarpsins af efri deild orðuð þannig, að hún ætti að gjöra hinu danska ríkisþingi allsendis ómögulegt að koma fram ábyrgð gegn ráðgjafanum fyrir Ísland, og þá ákvörðun væri eigi hægt að fallast á, með því að hún mundi koma í bága við 14. gr. grundvallarlaganna, en hin íslenzka stjórnarskrá getur engu fremur breytt þeirri grein grundvallarlaganna en 15. og 16. greininni.

Þar sem svo er ástatt og með því að hinn sami rangi skilningur á stjórnlegri stöðu Íslands í ríkinu enn eins og hingað til virðist ráðandi á alþingi, ekki einungis í neðri deild þess, heldur og í efri deild, get jeg eigi ráðið til þess að verða við þeirri áskorun á stjórnina, sem fólgin er í áðurnefndu ávarpi efri deildar til yðar hátignar, að stjórnin hafi upptök að frumvarpi til breytingar á stjórnarskipuninni, og leggi fyrir alþingi frumvarp um þetta efni, því að jeg get ekki, eptir því sem fram fór á síðasta alþingi, gert mjer von um að slík tiltekja frá hálfu stjórnarinnar yrði til þess að leiða til lykta málið um breyting á stjórnarskránni. En skyldi það koma fram, að meiri hluti alþingis yrði unninn til að æskja að ná samkomulagi við stjórnina á grundvelli hins privata frumvarps um breyting á stjórnarskipuninni, þá er að minni skodun enn fyllsta ástæða til fyrir stjórnina, eins og á síðasta alþingi, að styðja að því, að á þeim grundvelli verði bundinn endir á hina löngu og gagnslausu baráttu um stjórnarskipunina, svo að löggjarvaldið geti framvegis gefið sig allt við efling hinna eðlilegu bjargræðisvega Íslands og stutt að verklegum og andlegum prosk þessa.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

**60** Brjef ráðaneytisins fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstað- 26. maí. festingar á lagafrumvarpi um áfangastaði — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. septbr 1897, hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um áfangastaði, sem borið hafði verið upp af þingmannahálfu og samþykkt af alþingi s. á., og hafði þjer lagt það til að ráðaneytið hlutist til um að það öðlist allra hæsta staðfestingu.

Ef lagafrumvarp þetta væri skilið eftir orðalagi þess og með hliðsjón af ákvörðunum þeim, sem Jónsb. landsleigub. 24. kap. inniheldur, lægi næst að á.

líta að tilgangurinn með frumvarpinu væri að búa til viðauka við ákvarðanir þessar, 26. maí sem auk rjettar þess, sem menn nú almennt hafa til þess eptir vild að nota alla þá staði, þar sem gras eigi er slegið, sem áfangastaði, jafnframt veitti mönnum heimild til, þegar þörf gjörist, að taka upp áfangastaði einnig á þeim stöðum, sem hinn almenni rjettur eigi nær yfir, sem sje stöðum, þar sem er slægjuland, gegn árlegri þóknun til hlutadeigandi ábúanda eða jardeiganda, er sýslunefndirnar ákveða. En eptir ummælum yðar í fyrgreindu brjefi og umræðum alþingis um frumvarpið að dæma, hefur þetta auðsjáanlega eigi verið tilgangurinn með frumvarpinu, og með því umræður alþingis auk þess eru byggðar á rjettarástandi, sem töluvert er frábrugðið því, sem er í raun og veru samkvæmt gildandi lögum, áleit ráðaneytið rjettast áður frekara væri gjört í málinu að leita nánari upplýsinga hjá yður með því að leggja fyrir yður ýmsar spurningar, og eru spurningar þessar teknar upp í svar yðar, herra landshöfðingi.

Í brjefi, dagsettu 29. apríl t. á., hafid þjer síðan tekið fram, að sú rjettarvenja að yðar álit eigi sjer hvergi stað á Íslandi, er hafi getað dregið úr gildi ákvarðana Jónsbókar í þessu efni, og sje þær því nú sem fyr í gildi alstadar, að þjer verði að álíta það efasamt, hvort tilgangi alþingis með frumvarpinu verði náð eins og það nú er orðað, og að þjer eptir nánari ihugun álitid það mjög isjárvert að halda því fram að lagafrumvarpið verði gjört að lögum, en að þjer á hinn bóginn áskiljið yður á sínum tíma að koma fram með breytingartillögur við frumvarpið, og mætti þá, ef til vill, leggja það fyrir næsta alþingi.

Hvort sem nú lagafrumvarpið samkvæmt orðalagi þess væri skilið á þann hátt sem að framan greinir, eða það — ef sá skilningur yfir höfuð er mögulegur — samkvæmt skýringu herra landshöfðingjans í fyrra brjefi yðar og umræðum alþingis væri skilið þannig, að framvegis mætti aðeins nota þá staði sem áfangastaði, sem annaðhvort vegna síðvanda eða samkvæmt ákvörðunum sýslunefndanna eru eða hafa verið til þess ætlaðir, mundi frumvarpið að álitid ráðaneytisins hafa í sjer fóligna mjög svo verulega galla. Eptir fyrra skilningnum mundi það ganga of nærri rjetti jardeigenda, þar sem það veitti almenningi viðtækari rjett til að nota land þeirra, þannig að það væri undir gedþótta sýslunefndanna komið, hvort þeir fengju þóknun fyrir það eða ekki. Og eptir síðara skilningnum mundu slik lög sem þessi — jafnvel þó breyting sú væri orðin á rjettarástandi Jónsbókar, sem hjer er bent á — geta haft í för með sjer töluvert óþægindi fyrir ferðamenn, þar sem þeir yrðu að láta sjer nægja áfangastaði þá, sem einu sinni hefðu verið úthlutaðir, án tillits til þess hvort á stöðum þessum væri enn þá nægilegt gras eða eigi, og mundi þetta eptir því sem samgöngum hagar til á Íslandi vera landsmönnum til svo mikils бага, að það eigi kæmist í neinn samjöfnuð við ágang þann, er jardeigandi hefir af því að ferðamenn ægja á þeim hluta af landi hans, sem aldrei er notaður til slægna.

Með því ráðaneytið af framangreindum ástæðum eigi gat álitid ráðlegt að gjöra frumvarp þetta að lögum, en það á hinn bóginn mun verða tekið til yfirvegunar, þegar breytingartillögur yðar við frumvarpið eru komnar hingað, sem eigi er enn orðið, hvort á þeim yrði byggt frumvarp til laga í líka átt og hjer ræðir um, er lagt yrði fyrir alþingi, þá hefir ráðaneytið í allraþegnsamleg-

26. maí — ustum tillögum sínum um málið lagt það til að frumvarp þetta til laga um áfangastaði eigi öðlist allrahæsta staðfesting, og hefir hans hátígn konunginum 24. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögur þessar.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndum tveim brjefum yðar, dagsettum 30. septbr. 1897 og 29. apríl þ. á.

Brjef landshöfðingja 30. sept. 1897:

Alþingi, sem kom saman í ár, hefir samþykkt eptir löglegan undirbúning lagafrumvarp um áfangastaði, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer að senda það bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri þýðingu.

Samkvæmt Jónsbókar landsleigubálki 24. kap. er ferðamönnum heimilt að æja hestum sínum í annara landi, þar sem gras er eigi slegið. Nú hefur eptir því sem tímar liðu fram einkum á Suðurlandi, þar sem allur aðflutningur allt fram á síðustu tíma hafa farið fram á hestum, komið á þær samþykktir að nota ákveðna áfangastaði, þar sem ferðamenn hafa heimting á endurgjaldslausum að á með hesta sína, tjöld og farangur, án þess að hlutaðeigandi ábúandi geti hamlað því, en aptur á móti hafa komið fram mótmæli gegn því að ferðamenn æji hestum sínum utan þessara ákveðnu áfangastaða, þar sem þeir eru til. Við vega- og bráa gjörðir þær, er fram hafa farið á seinni árum, hefur stefna aðalveganna á mörgum stöðum breytt þannig, að hinir gömlu áfangastaðir nú liggja of langt úr leið til þess að ferðamenn geti notað þá, en ábúendur jarða þeirra, sem bezt lægju við til áfangastaða fyrir ferðamenn, hafa mótmælt því, að jarðeignir þeirra væru notaðar til þessa án þóknunar.

Til þess að ráða bót á þessu hefur alþingi samþykkt lagafrumvarp þetta, og veitir það sýslunefndum bæði heimild til að ákveða nýja áfangastaði, þar sem þeirra er þörf, og til að greiða hlutaðeigandi ábúendu úr sýslusjóði ákveðna árlega þóknun fyrir átroðning þann, er það bakar þeim að nýr áfangastaður er tekinn upp í landi þeirra.

Með því mjer virðist aðgjörðir alþingis í þessu máli heppilegar, leyfi jeg mjer þegn-samlegast að mæla með því að lagafrumvarp þetta öðlist allrahæsta staðfestingu.

Brjef landshöfðingja 29. apríl 1898.

Út af lagafrumvarpi því um áfangastaði, er samþykkt hefir verið á síðasta alþingi og borið var upp af þingmanna hálfu, og í tilefni af umræðum þingsins um lagafrumvarp þetta og brjefi mínu, dagsettu 30. septbr. s. á., er því fylgdi, hefir ráðaneytið — til þess að geta metið bæði, hve viðtækar breytingar á gildandi lögum mundu leiða af því, ef slík lög, sem hjer er farið fram á, öðluðust gildi, og hve miklum erfiðleikum það mundi verða bundið fyrir dómstólana að skýra slík lög, og til þess að geta fengið nokkurnveginn áreiðanlega vissu fyrir því, að tilgangi alþingis með frumvarpinu sje náð eptir innihaldi þess — í hæstvirtu brjefi, dagsettu 4. f. m., beiðzt eptirfylgjandi nánari skýringa:

1) Að hve miklu leyti »samþykktir« þær um að nota ákveðna áfangastaði, er getur um í fyrnefndu brjefi mínu, geti álitizt sumstaðar á Íslandi orðnar að nokkurs konar lögvenjum, sem á því svæði, er þær ná yfir, hafi numið úr gildi eða dregið úr ákvæðum Jónsbókar.

2) Hvort þessar »samþykktir« einungis miði til þess að binda rjett þann, er Jónsbók heimilar almennungi til að æja endurgjaldslausum alstaðar þar sem eigi er slægjuland, við vissa ákveðna staði, þannig að hlutaðeigandi ábúandi geti bannað að nota land sitt á öllum öðrum stöðum, eða hvort einnig sjeu til þær rjettarvenjur, er *rjmkí* rjett þann, er veittur er með Jónsbók, þannig að hann einnig nái til þeirra staða, þar sem gras er slegið, og loks

3) hvort tilgangurinn með lagafrumvarpinu sje sá, að heimild sýslunefnda til að ákveða nýja áfangastaði einungis nái til þeirra staða, þar sem að vísu eigi er slegið gras, en þar sem þó álitid er að hið gildandi rjettarástand nú sem stendur banni að landid sje notað sem áfangastaður, með því að venjan heffr skapað fasta áfangastaði annarsstaðar, eða hvort hugsunin sje sú, að einnig megi taka upp nýja áfangastaði á þeim stöðum, þar sem land er slegið, — en þá virðist heimild sú, sem sýslunefndinni er veitt til þess að greiða árlega þóknun, eigi nægileg til að tryggja eigandanum eða ábúandanum rjett þann, er hann samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar hefir til endurgjalds.

Út af þessu læt jeg ekki hjá liða að taka fram það, sem hjer segir:

ad 1) Jeg skal láta þess getið að orðið »samþykktir«, er jeg hefi brúkað, er miður heppilegt, þar sem engar samþykktir eða ákvæði um að nota fasta áfangastaði munu vera til hjer á landi, en hið sanna ástand er að vissir ákveðnir staðir, einkum á Suðurlandi, hafa fremur öðrum verið notaðir sem áfangastaðir. Þar sem slíkir fastir áfangastaðir hafa verið teknir upp, sem þó einungis mun eiga sjer stað í Árnes- Rangárvalla- og Skaptafellssýslum, hefir rjettur ferðamanna til að æja með hesta sína, tjöld og annan farangur á ákveðnum stöðum næturlangt eða heilan dag í augum almenninga verið skoðaður sem einskonar kvöð er hvildi á hlutaðeigandi jörðum, þar sem á hinn bóginn ferðamenn ættu sjerstakan rjett á að æja næturlangt á þessum stöðum, en þar á móti var álitid að ákvæði Jónsbókar að því er snertir fyrnefndar sýslur sjerstaklega ættu við styttri dvöl. Án tillits til þess að efasamt er, hvort upptekning vissra ákveðinna staða sem fastra áfangastaða getur haft í för með sjer nokkra takmörkun á rjetti ferðamanna til þess samkvæmt Jónsbók að æja alstaðar, þar sem eigi er slægjuland, þá mun að líkindum eigi hægt að sýna fram á neina rjettarvenju, sem gæti hafa breytt ákvæðum Jónsbókar í þessu efni.

ad 2) Ef álíta mætti, að komizt hefði á rjettarvenju um fasta áfangastaði, þá mundi hún miða að því að takmarka hinn almenna rjett Jónsbókar til þess að á endurgjaldslaus alstaðar þar sem landid er ei notað til slægna. En þar eð naumast mun hægt, eins og áður er tekið fram, að sýna fram á rjettarvenju hvað fasta áfangastaði snertir, verður að álíta að ákvarðanir Jónsbókar í þessu efni sjeu enn í gildi.

ad 3) Hvaða skilning alþingi hefir viljað leggja í lagafrumvarpið, er eigi gott að segja, þar sem nokkrir af þingmönnum, þar á meðal l. þingmaður Árnessýslu, Tryggvi Gunnarsson, virðist hafa lagt aðaláherzluna á heimild þá, er með lagafrumvarpinu er veitt sýslunefnum til þess að greiða endurgjald ábúendum jarða þeirra, þar sem nýir áfangastaðir eru teknir upp, virðist svo sem aðrir t. d. 2. þingmaður sömu sýslu, Þorlákur Guðmundsson, og þingmaður Vesturskaftafellssýslu, Guðlaugur Guðmundsson, með því þeir virðast gjöra ráð fyrir að hið gildandi rjettarástand banni að nota land annarsstaðar sem áfangastað, þar sem fyrir siðvenju sje teknir upp fastir áfangastaðir — leggi jafnframt eins mikla áherzlu á heimild sýslunefnda til að taka upp nýja áfangastaði. Að vísu álit jeg eigi að tilgangurinn hafi verið að veita sýslunefndum heimild til að taka upp áfangastaði á þeim stöðum, þar sem land er slegið, en eftir orðalagi frumvarpsins, mundi það, ef frumvarpið yrði gjört að lögum, hafa í för með sjer, að hlutaðeigandi ábúandi eða eigandi ef til vill eigi gætu varnað því að teknir væru upp áfangastaðir einnig á þeim stöðum, þar sem land er slegið, og með tiliti til þessa verð jeg, þegar litið er til heimildar þeirrar, sem veitt er til að greiða árlega þóknun, að tjá mig samdóma hinu háa ráðaneyti um, að lagafrumvarpið eigi virðist tryggja nægilega rjett þann, er eigandanum eða ábúandanum er heimilaður með 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Eftir nánari yfirvegun álit jeg því mjög isjárvert að halda fram meðmælum mínum með því að umrætt lagafrumvarp öðlist allrahesta staðfestingu, en áskil mjer á sínam tíma.

**60** að koma fram með breytingartillögur við lagafrumvarp þetta, og gæti það síðan, ef til vill 26. maí, komið fyrir næsta alþingi.

**61** **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu-  
16. maí bátsferða um Ísafjarðardjúp.** — Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, fyrir hönd hlutadeigandi sýslunefndar og bæjarstjórnar í þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 9. þ. m., þar sem þjer skýrið frá því að veittar hafi verið 550 kr. af sýslusjóði Nordurísafjarðarsýslu og 150 kr. af bæjarsjóði Ísafjarðar til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á þessu ári, vil eg veita í sama skyni 2500 kr. af því fje, sem þar til er ætlað í 12. gr. C III 2 c fjárlaganna, þó með því skilyrði að gufubáturinn flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomu-  
stöðum án sjerstaks endurgjalds.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-  
legrar leiðbeiningar og eptirbreytni.

**62** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu  
18. maí um útflutningsgjald.** — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. f. m., skýrt svo frá, að nokkur dönsk, íslenzk og færeysk skip hafi bundizt í fjelagsskap um að fiska og flytja út nýtt heilafiski í sumar, þannig að skipin tæku sjer stöðvar við strendur landsins og fiskuðu á bátum frá þeim, annað-  
hvort í eða fyrir utan landhelgi, eptir því hvernig ástæði, en fiskur sá, er veiddist, yrði ekki fluttur í land, heldur fluttur nýr á gufuskip, sem lægi á höfn, eða jafnvel úti í rúmsjó, ef gott væri vedur, og væri svo sendur beint til Englands. Hafið þjer að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Barðastrandar-  
sýslu, sem kveðst vera í nokkrum efa um það, hvernig að skuli fara hjer að því leyti er snertir útflutningsgjaldið, þar sem í framkvæmdinni sje eigi hægt að greina milli þess afla, sem veiddur væri í landhelgi og sem yrði í þessu tilliti meðhöndlaður eptir 1. gr. laga 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl., og þess afla, sem veiddur væri utan landhelgi, sem ekkert gjald yrði heimtað af, ef hann eigi væri fluttnr í land, sbr. stjórnarráðsbrjef 28. júní 1882 (Stjórnartíðindi 1882, B. bls. 119 - 120), skotið til úrlausnar minnar eptirrituðum fyrirspurnum :

1. hvort innheimta beri útflutningsgjald af heilagfiski því, sem sent verður frá framannefndum skipum, og það jafnt, hvort það er fiskað í landhelgi eða utan, og

2, hvort útflutningsgjaldið beri að innheimta, hvort sem fiskinum sje skipað um bord í flutningsskipið á íslenzkri höfn eða annarstaðar í landhelgi, eða í rúmsjó fyrir utan landhelgi.

Jafnframt hafið þjer tekið það fram, að þjer sjeuð þeirrar skoðunar, að spurningum sýslumannsins beri að svara játandi, þar sem hjer sje um afla að ræða, sem taka má í landhelgi, og verði hann því að meðhöndlast eptir nefndri lagagrein.

Út af þessu skal yður, herra amtma ur þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknalegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samdóma á-  
liti yðar um þetta mál.